



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Auglýsing eftir þátttakendum

Auglýst er eftir þátttakendum til að taka þátt í rannsókn á þörfum fólks með exem á stuðningi við hefðbundna meðferð. Leitað er eftir þátttakendum sem eru með exem 18 ára og eldri af öllum kynjum.

Rannsóknin er meistaraverkefni í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og er gerð í samstarfi við Sidekick Health. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þarfir fólks með exem á stuðningi við hefðbundna meðferð ásamt því að greina þarfir þátttakenda á stuðningi við meðferðarhaldni og hegðunartengda lífsstílsþætti s.s., streitu, svefn, mataræði og hreyfingu. Upplýsingar sem fram koma kunna að verða nýttar til frekari þróunar stafræns meðferðarúrræðis Sidekick Health til stuðnings fyrir fólk með exem. Sidekick Health er fyrirtæki sem sérhæfir sig í stafrænni heilbrigðisþjónustu með áherslu á forvarnir.

Þátttaka felur í sér eitt 30–60 mínútna einstaklingsviðtal um reynslu og líðan fólks með exem og hvaða úrræði það nýtir sér til stuðnings. Ásdís Ragna Einarsdóttir rannsakandi mun taka viðtölin og munu þau fara fram á umsömdum stað eftir því hvað hentar hverjum þátttakenda. Notast verður við fjarfundabúnaðinn Zoom í viðtölum ef þörf þykir en þessi leið kann að vera nauðsynleg í sóttvarnarskygni. Farið verður með allar upplýsingar þessarar rannsóknar sem trúnaðarmál og ekki verður unnt að rekja einstaka niðurstöður til til þátttakenda. Viðtölin verða hljóðrituð og hljóðskrárm eytt að lokinni úrvinnslu gagna. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi hennar sem er eða sleppa því að svara einstaka þáttum hennar. Rannsóknin hefur hlotið leyfi Vísindasiðanefndar (.

Ekki er greitt fyrir þátttöku í rannsókninni.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Sigríður Lára Guðmundsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði og rannsakandi hjá Sidekick Health (siggalara@sidekickhealth.com). Auk hennar mun meðleiðbeinandi meistaraverkefnisins Guðrún Ragnarsdóttir, dósent á Menntavísindasviði (gudrunr@hi.is) og Ásdís Ragna Einarsdóttir meistaraniemi koma að rannsókninni. Niðurstöður rannsóknar verða birtar í meistararitgerð og einnig er fyrirhugað að birta grein í ritrýndu vísindatímariti á alþjóðavettvangi.

Tekið skal fram að þeir sem hafa samband eru með því aðeins að lýsa áhuga sínum á því að fá frekari upplýsingar, ekki að skuldbinda sig til þátttöku.

Þeir sem hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar eða áhuga á þátttöku í ofangreindri rannsókn geta fengið frekari upplýsingar hjá Sigríði Láru Guðmundsdóttur í síma 611-4475 eða senda fyrirspurn á netfangið siggalara@sidekickhealth.com.